

Fundur í skólaráði 11.05.2021

Mættir: Berglind, Klaudia G., Sigfús Magnússon, Ragnheiður Harpa, Helga Guðmunds., Bjarni Pálsson 10. bekk og Sesselja sem ritaði fundargerð.

Berglind minnti á starfsreglur skólaráðs og sagði jafnframt að þessi fundur væri í raun mars/apríl/maí fundur.

B. sýndi nýjustu drög að skóladagatalinu fyrir 2021-22 sem er nánast tilbúið. Engar athugasemdir gerðar en rætt um sameiginlega starfsdaga skólanna sem þurfa að taka til óska allra skólanna og henta því ekki alltaf best fyrir alla. Drögin verða lögð fyrir skólanefnd næst til samþykktar.

Endurskoðun valgreina í efstu bekkjum hefur staðið yfir í skólanum. Komið hefur fram gagnrýni á að valgreinar standa stundum yfir í óþarflega langan tíma t.d. fluguhnýtingar en erfitt er að komast út að veiða fyrr en í lok skólans. Nú er planið að bjóða uppá meiri fjölbreytni og styttri lotur t.d. reiðnámskeið, fjallgöngur, peysuprjón þar sem hver tími tekur yfir nokkrar kennslustundir.

B. sagði frá ráðningum innan skólans. Þóra Magga hefur verið ráðin aðstoðarskólastjóri, Kristjón Daðason deildarstjóri tónlistarskólans, Heimir Laxdal smíðakennari, Ragnheiður Harpa myndmenntakennari og Ágústa Jónsdóttir mun kenna náttúrufræði og stærðfræði á unglingastigi. Fjórir sóttu um heimilisfr. en auglýsa þarf aftur þar sem enginn var með full kennsluréttindi. Einnig þarf að auglýsa eftir kennurum í dönsku, forfallakennslu, sérkennslu og svo stuðningsfulltrúa þar sem Sigrún Ársælsdóttir lætur af störfum vegna aldurs eins og Gunnar Gunnarsson. Sigríður Ó. Sigurðardóttir hefur sagt stöðu sinni í dönskukennslu lausri eftir ársleyfi.

B. sagði að við niðurstöður Ytra mats hafi komið í ljós því miður að hún væri komin styttra á veg en hún mundi vilja með ýmislegt í skólanum svo nú þurfi að bretta

upp ermarnar. Mikið af hennar tíma hefur vinnu sem skólastjóri hefur farið í starfsmannahald þar sem tveir nýir deildarstjórar hafa byrjað í hennar tíð. Nefnd var sett á laggirnar sem horfir til þeirra umbóta sem fara þarf í og gengur vinna hennar vel. Skila þarf tillögum til úrbóta 7. júní.

Vinna við niðurstöður Skólapúlsins (könnun sem nem. taka þátt í í nóv. og apríl + foreldrakönnun) er hafin en það ætti að vera í verkahring Lilju Írenu sem er í veikindaleyfi. Sigríður Bjarney hefur tekið að sér þá vinnu m.a. en hún var að koma úr fæðingarorlofi 1. maí. Starfsfólk hefur boðið fram aðstoð sína við ýmislegt í fjarveru Lilju og er Berglind mjög þakklát fyrir það. Heimir hefur tekið að sér forföll og m.a. tónmennt sem var á hendi Lilju. Arna Sædal hefur tekið stærðfr. 10. bekkjar fyrir Lilju ásamt Ingunni Alexandersdóttur.

Húsnæðismál skólans voru næst rædd, ekkert nýtt gerst þar sem mun taka gildi næsta vetur því miður. Nauðsynlegar úrbætur þurfa að verða fyrir 2023 því þá höfum við útskrifað tvo litla bekki og flestir bekkir í kringum 18-20 nemendur. Draumastaða væri að fá húsnæði líkamsræktar aftur til kennslu fyrir unglingastig en það er ekki vilji til þess hjá yfirvöldum.

Framkvæmdir sumarsins verða m.a. salerni nemenda á neðri hæð sem verða ómerkt kynjum með milliveggjum sem ná frá gólfi og uppí loft. E.t.v. dúkur í hol og nýir snagar fyrir yngri nem. Með hólum fyrir fylgihluti.

Væntanlegur er fundur með landslagsarkitektum skólalóðar miðvikudaginn 19. maí þar sem farið verður yfir áætlaðar framkvæmdir sumarsins.

Að lokum voru nýjar og eldri teikningar skoðaðar lauslega af viðbyggingum við skólann.

Fundi slitið kl. 18:45